

Þegar af framangreindri ástæðu og með því að eigi verður talið, að stefnda hafi að lögum verið óheimilt að samningsbinda með þeim hætti sem hér var gert það atriði, að hann skyldi aðeins greiða 2/3 hluta sannvirðis mannvirkja á lóðinni við yfirtöku þeirra að 50 ára leigutímanum liðnum, þá verður stefndi sýknaður af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Már Pétursson, settur bæjarfógeti, kvað upp dóm þennan. Dómsuppkvaðning hefur dregist vegna embættisanna.

Dómsorð:

Stefndi, bæjarsjóður Ísafjarðar, á að vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Niðursuðuverksmiðjunnar h/f, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 22. júní 1981.

Nr. 111/1980. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Ólafi Kristni Pálmasyni

(Jón Hjaltason hrl.).

Fjársvik. Tékkamisferli.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Ármann Snævarr, Logi Einarsson, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Að ósk ákærða var héraðsdómi í máli þessu skotið til Hæstaréttar. Af hálfu ákærvalds er krafist þyngingar á refsingu ákærða.

Ákærði hefur greiðlega viðurkennt sakargiftir, svo sem í hinum áfrýjaða dómi getur, og samþykkt framkomnar bótakröfur. Eru brot hans réttilega heimfærð til 248. gr. al-

mennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 73. gr. laga nr. 94/1933 um tékka, sbr. 1. gr. laga nr. 35/1977, og viðeigandi hegningarlagaákvæða gætt við ákvörðun refsingar ákærða, sbr. og 60. gr. almennra hegningarlaga og 7. gr. laga nr. 22/1955.

Að svo vöxnu máli ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm með þeim breytingum, sem leiða af nýjum gjaldmiðli, þó svo, að vextir af bótakröfu Halldórs Gíslasonar reiknist frá 9. febrúar 1979, svo sem hann hefur krafist, og verða 3% á mánuði af 26.00 nýkrónum og svo 19% ársvextir af 14.28 nýkrónum frá 9. febrúar 1979 til 1. júní s. á., 22% ársvextir frá þeim degi til 15. júní s. á., 34.5% ársvextir frá þeim degi til 1. september s. á. og svo 36% ársvextir frá þeim degi til greiðsludags.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 2.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 2.000.00 krónur.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður með þeim breytingum, sem leiða af nýjum gjaldmiðli, þó svo, að vextir af bótakröfu Halldórs Gíslasonar, 26.00 nýkrónum, reiknast frá 9. febrúar 1979 3% á mánuði, en ársvextir af 14.28 nýkrónum verða 19% frá þeim degi til 1. júní s. á., 22% frá þeim degi til 15. júní s. á., 34.5% frá þeim degi til 1. september s. á. og 36% frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði, Ólafur Kristinn Pálmason, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 2.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Hjaltasonar hæstaréttarlögmanns, 2.000.00 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 21. desember 1979.

Ár 1979, föstudaginn 21. desember, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Halldóri Þorbjörnsyni yfirsakadómar, kveðinn upp dómur í málinu nr. 568/1979: Ákærvaldið gegn Ólafi Kristni Pálmasy, sem tekið var til dóms sama dag.

Mál þetta er höfðað með ákæru, dags. 12. þ. m., gegn Ólafi Kristni Pálmasy bifreiðarstjóra, Miðtúni 62, Reykjavík, fæddum 19. apríl 1957 í Vestmannaeyjum, „fyrir tékkasvik samkvæmt 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með því að gefa út eftirtalda 3 tékka á reikning sinn nr. 66028 í Alþýðubankanum hf. í Reykjavík í febrúar og mars 1978 og eftirtalda 8 tékka á reikning sinn nr. 3236 í Sparisjóði vélstjóra í Reykjavík í janúar og febrúar 1979, án þess að innstæða væri fyrir hendi á reikningnum, og síðan að nota tékkana í viðskiptum í Reykjavík og Hafnarfirði. Tékkarnir eru allir gefnir út til handhafa, nema annars sé getið.

I. Alþýðubankinn hf.

1. Nr. 390059, kr. 9.300, dags. 27. febrúar 1978.
2. Nr. 390063, kr. 10.000, dags. 28. febrúar 1978.

Báðir þessir tékkar notaðir til greiðslu á vörum í Bílanaust hf., Síðumúla 7—9, Reykjavík.

3. Nr. 390070, kr. 26.050, dags. 4. mars 1978.

Greiðsla á leigugjaldi fyrir bílaleigubifreið.

II. Sparisjóður vélstjóra.

1. Nr. 671125, kr. 1.200, dags. 29. janúar 1979.

Greidd matvæli í Fjarðarnesti, Reykjavíkurvegi 54, Hafnarfirði.

2. Nr. 682751, kr. 7.000, dags. 29. janúar 1979.

Greiddur akstur í leigubifreið.

3. Nr. 682752, kr. 1.500, dags. 29. janúar 1979.

Greidd matvæli í Fjarðarnesti.

4. Nr. 682755, kr. 1.500, dags. 31. janúar 1979.

Sama notkun.

5. Nr. 682758, kr. 2.000, dags. 31. janúar 1979.

Greiddar veitingar í Bifreiðastöð Hafnarfjarðar, Reykjavíkurvegi 58, Hafnarfirði.

6. Nr. 682759, kr. 2.500, dags. 1. febrúar 1979.

Sama notkun.

7. Nr. 682768, kr. 2.600, dags. 6. febrúar 1979.

Greiddur akstur í leigubifreið.

8. Nr. 682773, kr. 25.000, dags. 12. febrúar 1979.

Gefinn út til Rafmagnsveitu Reykjavíkur til greiðslu á rafmagnsreikningi, kr. 16.017, fyrir rafmagn í leiguhúsnæði. Varð leigusalinn síðan að leysa til sín tékkann.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.“

Eftirtaldir aðiljar hafa krafist bóta úr hendi ákærða í máli þessu (vitnað er til viðeigandi ákæruliða):

Bílanaut h/f 10.448 kr. ásamt 3% mánaðarvöxtum frá 6. mars 1978 til greiðsludags. (Sjá I., 1—2).

Ferðabílar h/f 26.050 kr. ásamt 3% mánaðarvöxtum frá 7. mars 1978 til greiðsludags. (Sjá I. 3.).

Fjarðarnesti h/f, Hafnarfirði, 4.200 kr. auk 5.000 kr. vegna fyrirhafnar. (Sjá II., 1, 3, og 4).

Halldór Gíslason, Álftröð 7, Kópavogi, 4.028 kr. ásamt 3% mánaðarvöxtum frá 7. febr. 1979 til greiðsludags. (Sjá II., 7).

Ragnar Jónsson, Sólvallagötu 32 A, 25.000 kr. ásamt 3% mánaðarvöxtum frá 1. mars 1979 til greiðsludags. (Sjá II., 8).

Málavextir.

Sannað er með framburði ákærða og öðrum gögnum, að í febrúar og mars 1978 gaf ákærði út og notaði í viðskiptum þrjá tékka á ávísanareikning, sem hann og kona hans höfðu í Alþýðubankanum. Er tékkum þessum rétt lýst í ákæru, I. kafla, og notaði ákærði tékkana í staðgreiðsluviðskiptum, eins og þar er lýst. Þess er að geta, að við framvísun tékkans að fjárhæð 9.300 kr. (ákæruliður I., 1) greiddist upp í hann 8.852 kr., þ. e. innstæða sú, sem eftir var á reikningnum, en honum var síðan lokað 8. mars.

Þá er sannað, að um mánaðamót janúar og febrúar þessa árs gaf ákærði út og notaði í viðskiptum átta tékka á ávísanareikning, sem hann hafði í Sparisjóði vélstjóra. Er tékkum þessum rétt lýst að öllu leyti í II. kafla ákæru. Tékkana nr. 1—7 notaði ákærði í staðgreiðsluviðskiptum, eins og ákæra segir. Með tékknum nr. 8 greiddi ákærði hita- og rafmagnsreikning, en hann bjó þá á Sólvallagötu 32 A og leigði þar hluta af íbúð. Þegar tékkinn reyndist innstæðulaus, varð húseigandinn, Ragnar Jónsson hæstaréttarlögmaður, að leysa tékkann til sín.

Ákærði hefur játað brot sín greiðlega og ekki borið annað fyrir sig en það, að hann hafi haft í huga að leggja inn á reikninga sína, þannig að tékkarnir yrðu innleystir við sýningu, en úr því hafi ekki orðið, m. a. vegna vanskila vinnuveitanda hans á kaupgreiðslum.

Þrátt fyrir mörg loforð við rannsókn málsins hefur ákærði ekki sýnt neinn lit á því til þessa að greiða bætur fyrir brot sín.

Með notkun tékkanna, sem ákærði er saksóttur fyrir í ákæru-liðum I, 1—3 og II, 1—7 hefur ákærði unnið til refsingar skv. 248. gr. alm. hegningarlaga. Tékkinn í ákæru-lið II, 8 var notaður til greiðslu skuldar. Þykir 248. gr. ekki eiga við í því tilviki, en þar sem handhafi tékkans, Ragnar Jónsson, hefur krafist refsingar, þykir með hliðsjón af 118. gr. laga 74/1974 eiga að dæma ákærða að þessu leyti í refsingu skv. 73. gr. tékkalaga.

Ákærði var með dómi Hæstaréttar 23. nóv. 1977 dæmdur í 3 mánaða fangelsi fyrir skjalafals og svik, og skyldi refsingin skil-orðsbundin til 3 ára. Þykir verða að telja, að ákærði hafi nú rofið skilorð dóms þessa, og verður refsing ákveðin í einu lagi fyrir brot þau, sem hæstaréttardómurinn varðar, og brot þau, sem ákærði er nú saksóttur fyrir. Með hliðsjón af 77. gr. alm. hegningarlaga verður refsingin ákveðin 9 mánaða fangelsi.

Fjárkröfur þær, sem hafðar eru uppi í málinu, hefur ákærði samþykkt, og verða þær teknar til greina, þó svo, að Fjarðarnesti h/f verður ekki dæmdur kostnaður, þar sem krafa er höfð uppi og dæmd í opinberu máli. Um kröfu Halldórs Gíslasonar er það að segja, að hann hefur þurft að greiða greiðslubankanum vexti og málskostnað, er hann leysti tékkann til sín, og er krafan við það miðuð.

Þá ber að dæma ákærða til greiðslu sakarkostnaðar.

Dómsorð:

Ákærði, Ólafur Kristinn Pálmason, sæti fangelsi 9 mánuði.

Ákærði greiði:

1. Bílanaust h/f 10.448 kr. ásamt 3% mánaðarvöxtum frá 6. mars 1978 til greiðsludags.
2. Ferðabílum h/f 26.050 kr. ásamt 3% mánaðarvöxtum frá 7. mars 1978 til greiðsludags.
3. Fjarðarnesti h/f 4.200 kr.
4. Halldóri Gíslasyni 4.028 kr. ásamt 3% mánaðarvöxtum frá 7. febrúar 1979 til greiðsludags.

5. Ragnari Jónssyni 25.000 kr. ásamt 3% mánaðarvöxtum frá 1. mars 1979 til greiðsludags.

Ákærði greiði kostnað sakarinnar.

Mánudaginn 22. júní 1981.

Nr. 177/1979. **Ákæruvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Birni Jónatan Emilssyni

(Hafsteinn Baldvinsson hrl.).

Fjársvik. Tékkamisferli.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Ákærði óskaði eftir, að héraðsdómi yrði skotið til Hæstaréttar. Af hálfu ákæruvalds er þess krafist, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur.

Samkvæmt endurriti af ávísanareikningi ákærða nr. 16245 við Landsbanka Íslands, Múlaútibú, var engin innstæða til fyrir fjárhæðum tékka þeirra, er greinir í 1.—6. tölulið ákæru, hvorki er þeir voru gefnir út né er þeim var framvísað. Bera þeir allir áritun banka um greiðslufall.

Útgáfa ákærða á tékkum þeim, sem getur í töluliðum 1 og 3 til 6 í ákæru, varða ákærða refsingu samkvæmt 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Útgáfa tékka þess, er greinir í 2. tl. ákæru, varðaði ákærða refsingu eftir 261. gr. sömu laga, er hann gaf hann út. Nú ber að refsa ákærða fyrir útgáfu þessa tékka samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laga nr. 35/1977, enda er saksóknarreglum samkvæmt 2. mgr. 1. gr. þeirra laga fullnægt, sbr. dóm Hæstaréttar 21. júní 1979 (Hrd. 1979, bls. 757).